

Ályktun - Fiskveiðiauðlindina í almannæign

Stjórnir Samfylkingarfélagsins í Reykjavík og Reykjavíkurfélags Vinstrihreyfingarinnar, græns framboðs beina því til ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur að framfylgja hið fyrsta fyrirheiti samstarfsyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um nýtt fiskveiðistjórnunarkerfi. Hvergi verði hvikað frá þeim markmiðum að

- 1) Tryggja varanlegt eignarhald og fullt forræði þjóðarinnar yfir auðlindum hafsins.
- 2) Tryggja þjóðhagslega hagkvæmni og sjálfbæra nýtingu fiskistofnanna við landið.
- 3) Tryggja jafnræði gagnvart úthlutun veiðiheimilda og þar með atvinnufrelsi í samræmi við álit mannréttindanefndar SP.
- 4) Eyða óvissu um rekstrarskilyrði sjávarútvegsfyrirtækja með hlutlægum leikreglum og auknu gagnsæi við úthlutun veiðiheimilda.

Stjórnir félaganna telja brýnt að ekki verði látið undan þrýstingi sérhagsmunaaðila heldur staðið fast við það grundvallar atriði að ríkið fyrir hönd þjóðarinnar verði hinn eini sanni eigandi fiskveiðiauðlindarinnar og sjái um að leigja auðlindina til þeirra sem vilja nýta hana á grundvelli jafnréttis, mannréttinda og atvinnufrelsis.

Sú leið sem stjórnarflokkarnir hafa boðað um innköllun og endurúthlutun aflaheimilda á allt að 20 árum er hófsöm sáttaleið. Með henni er komið til móts við þá sem fjárfest hafa í aflaheimildum um leið og opnað er fyrir eðlilega nýliðun í greininni og jafnræði aukið gagnvart þeim fjölmörgu sem byggja afkomu sína á fiskveiðum. Hraðari innköllun eða uppstokkun á aflamarkskerfinu hlýtur jafnframt að koma til skoðunar.

Jafnaðarmenn og félagshyggjufólk um land allt væntir þess að fyrsta félagshyggjustjórn íslenska lýðveldisins afnemi þann ójöfnuð sem fólgin er í núverandi kvótakerfi og innleiði án tafar nýtt fiskveiðistjórnunarkerfi sem byggir á jöfnum rétti landsmanna til nýtingar fiskimiðanna, að eignarhald fiskveiðiauðlindarinnar liggi ótvírætt hjá þjóðinni og að réttlátur arður af veiðunum renni til fólksins í landinu.

**Samþykkt á stjórnarfundum Samfylkingarfélagsins í Reykjavík 6. janúar 2011.
Samþykkt hjá Vinstri grænum 10. janúar 2011.**